

Nd.

738. Breytingartillögur

[11. mál]

við frv. til laga um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

Frá Ólafi G. Einarssyni og Tómasi Árnasyni.

1. Við 1. gr.
 - a. Í upphafi 1. töluliðar á eftir orðunum „Á laun, sem“ komi orðin: hinn 1. október 1974.
 - b. Í upphafi 2. töluliðar á eftir orðunum „Á laun á bilinu 50 000 til 53 500 krónur“ komi orðin: hinn 1. október 1974.
2. Við 2. gr. Í niðurlagi 2. málgr. í stað orðsins „helgidagsálags“ komi orðið: helgidagaálags.
3. Við 4. gr.
 - a. Lokasetning 1. málgr. ritist svo:

Heimilt er að setja reglugerð um innheimtu og úthlutun þessara bóta í samráði við Stéttarsamband bænda.
 - b. Í 1. tölulið í stað orðsins „úthlutunarnefndar“ komi orðin: Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
4. Við 6. gr. 1. málgr. orðist svo:

Bætur almannatrygginga, samkvæmt lögum nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972 og nr. 62/1974, aðrar en fjölskyldubætur, fæðingarstyrkur og tekjutrygging skv. 19. gr., skulu taka breytingum sem hér segir:
5. Við 7. gr.
 - a. 1. málgr. ritist svo:

Fjárhæðir 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971 og lög nr. 62/1974, skulu vera sem hér segir eftirgreind tímabil:
 - b. Í næstneðstu línu í fyrirsögnum dálka falli niður orðið „til“ í þremur fyrstu dálkum og orðið „frá“ í síðasta dálki.
 - c. Fjárhæðir í 1. tölulið, næstaftasta dálki, breytist þannig, að í stað „45 000“ komi: 46 380, og í stað „81 000“ komi: 83 460.
6. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:

Fjárfestingarlánasjóðir endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir sæta sjálfir. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að ákvæði um verðtryggingu eða gengisákvæði nái til ákveðins hluta hvers láns.